

SEÐLABANKI ÍSLANDS	
MÓTTEKIÐ	
14. FEB. 2018	
Flokkur 20.60.1	Ábyrgðarmaður 6.8.8
Málsnr. 1802059	



FJARMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Seðlabanki Íslands

Már Guðmundsson seðlabankastjóri  
Kalkofnsvegi 1  
150 Reykjavík

Arnarhvoli 101 Reykjavík  
sími: 545 9200 postur@fjr.is  
fjr.is

Reykjavík 14. febrúar 2018  
Tilv.: FJR18020039/5.2

Efni: Opinber birting á gögnum er varða undanþágu til Kaupþings ehf. frá ákvæðum laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, sbr. 2. mgr. 13. gr. o. laganna.

Undanfarið hefur verið kallað eftir því, m.a. á Alþingi, að birt verði opinberlega þau gögn sem lágu til grundvallar undanþágu Seðlabanka Íslands til Kaupþings ehf. frá ákvæðum laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál í janúar 2016.

Af þessu tilefni óskar ráðuneytið eftir því að Seðlabankinn láti fara fram skoðun á möguleikum þess að birta opinberlega þau gögn sem lágu til grundvallar undanþágu frá ákvæðum laga um gjaldeyrismál til Kaupþings ehf. sem staðfest var með bréfi frá ráðuneytinu dags. 15. janúar 2016. Nánar tiltekið er um að ræða þau gögn sem send voru ráðuneytinu með bréfi Seðlabankans sem dagsett er 14. janúar 2016. Varðandi möguleika á afléttingu trúnaðar vegna umræddra skjala vísa ráðuneytið m.a. til 9. gr. í samningi milli bankans, Kaupþings og Kaupskila sem ber enska heitið Shareholders' Proceeds Apportionment Agreement og 16. gr. samnings milli bankans og Kaupþings sem ber enska heitið Assignment Agreement, en þessir samningar eru meðal þeirra gagna sem um ræðir.

Vegna aðkomu ríkisins að málínu í heild og fyrirhugaðra breytinga á eignarhaldi ríkisins í Arion banka er mikilvægt að viðhaft sé eins mikið gagnsæi og mögulegt er í málínu og það er einnig í samræmi við áherslur ríkisstjórnarinnar um opna stjórnsýslu. Ráðuneytið telur þannig birtingu umræddra gagna nauðsynlega til að tryggja opna og upplýsta umræðu um mikilvæga hagsmuni, að virtri 9. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012. Mat á því hvað eru mikilvægir fjárhagseða viðskiptahagsmunir krefst þess að Seðlabankinn kanni afstöðu sinna viðsemjenda til birtingarinnar og lýsir ráðuneytið sig reiðubúið til að aðstoða við þá vinnu ef óskað er.

Bjarni Benediktsson